

SAMLESTUR

(shared reading)

Aldurshópur

Byrjendur í lestri og nemendur sem eiga í erfiðleikum með að tileinka sér lestur. Hægt er að vinna í litlum eða stórum hópum og er nálgun háð áherslum í kennslu hverju sinni út frá stöðu nemendahóps.

Um aðferðina

Þessi aðferð er fólgin í því að kennari og hópur nemenda lesa saman bók eða annan texta þar sem kennarinn leyfir nemendum að heyra í hverju gott lestrarlag er fólgið og styður jafnframt nemendur í glímunni við erfið orð í texta. Ýmist eru notaðar bækur með nægilega stóru lettri sem allir sjá eða bækur í rafrænu formi sem varpað er upp á tjald með skjávarpa.

Markmið aðferðar

- Að styðja nemendur í glímu við texta og efla sjálfstraust þeirra sem lesara.
- Að hjálpa nemendum að tileinka sér gott lestrarlag.
- Að efla sjónrænan orðaforða og lesfimi nemenda.
- Að veita nemendum tækifæri til að kynnast fjölbreyttum og áhugaverðum texta sem er aðeins fyrir ofan lestrargetu þeirra og efla þannig áhuga þeirra á lestri.

Gögn

Áhugaverður texti með stóru lettri eða texti í rafrænu formi. Hægt er að nota sögur, ljóð og söngtexta, fréttabréf bekkjarins eða annan skemmtilegan texta. Gott er að hafa skjávarpa, tjald og bendil til að renna undir texta á meðan hann er lesinn.

Framkvæmd

1. Byrjið á því að ræða titilinn, bókarkápuna, höfund og teiknara. Nemendur velta því fyrir sér hvað textinn gæti fjallað um (forspá).
2. Kennarinn hefur lestur en hægt er að lesa efnið einu sinni í gegn til að njóta þess, átta sig dálítið á því en lesa það svo með nemendum. Leggið áherslu á gott flæði og lestrarlag en hægið á lestri þegar þið viljið að nemendur lesi með ykkur. Staldríð við öðru hvoru til að kanna skilning, ræða orðaforða, gera forspá og til að kanna hvort forspáin hafi ræst.

Úrvinnsla

- Textinn lesinn aftur í minni hópi eða pörum. Hægt er lesa aftur hluta eða allan textann, allt eftir færni nemenda.
- Sameiginleg endursögn á sögu.
- Umræður um forspár, hvort þær rættust og þá hvernig.

- Umræður um tiltekinn orðaforða og frekari úrvinnsla.
- Útbúið lista yfir allar bækur sem þið lesið saman og hengið upp í stofunni (Bækur sem við höfum lesið saman!).